

Aðalfundur Klifurfélags Vestfjarða 2025

Björgvin byrjar fundinn og leggur til fundarstjóra og fundarritara

Fundarstjóri Rúnar Óli

Fundarritari Hjördís

Björgvin kynnir skýrslu formanns ([hana má finna hér](#))

- Árgjald verður 5000
 - Innifalið í því er aðgangur að klífursalnum á opnunartímum og aðgangur í spjall þar sem auka opnunartímar eru kynntir
- Kynnt hvað var gert á starfsárinu
- Sjáum aukningu í þáttakendum
- Í ársriti Ísalp verður grein um Valbjófsdalur með leiðavísi
 - Í síðasta ársriti Ísalp var grein um Sauratinda með leiðavísi.
- Á leiðinni er leiðarvísir grjótglímu á Ísafirði og nágrenni eftir Brendan en hann fékk styrk frá Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða. Planið er að hann komi út næsta haust.

Þakkir

- Sitjandi stjórn
- Lyklahópur sem sér um opnanir og viðburði: Alberto, Ívar Tumi, Orla, Justas, Vaidas, Justas, Brendan Björgvin, Hjördís
- Rúnar fyrir að skoða reikninga síðasta árs
- Skátafélagið Einherjar fyrir húsnæði

Reikingar

- Bókhald gert af alvöru bókara
- Eigum pening til að fjárfesta
- Spurningar:
 - Hefur stjórn gert áætlun um kaup á einhverju
 - Kaupa belti, grip og dýnur, skó
 - Er til umræðu að fá allt húsið?
 - Vantar stað fyrir AA og Ísafjarðarbær þarf að finna nýjan stað og gengur illa
- Reikningar samþykktir samhljóða

Kosningar

- Kosið til tveggja ára og það var kosið í fyrra svo það er engin kosning núna.
 - Björgvin Hilmarsson (formaður)
 - Edda María Hagalín (gjaldkeri)
 - Hjördís Björnsdóttir (ritari)
 - Vaidas Valentukevicius (varamaður)

- Orla Mallon (varamaður)
- Skoðanamaður reikninga Rúnar óli

Önnur mál

- Fundargestir spurðir hvað þeim finnst um að hafa árgjald fyrir félagsmenn
 - Sjanngjarnt gjald
 - Tímabært að hafa árgjald
- Verða grjótglímu útinámskeið í sumar
 - Spurning hvort einhver geti tekið það að sér. Svarað hvorki já né nei.
- Minnum á Ísalp festival 18-20. júlí í Norðurfirði
- Björgvin dreymir um að hafa grjótglímu festval. Fá klifrara til að koma á svæðið prófa leiðir og fjölga þeim til dæmis í Seljadal. Brendan hefur verið mjög duglegur að finna grjótglímuprautir og skrá þær niður.
- Á næsta ári stefnum á að halda sömu opnunartímum
- Á döfinni að bolta fleiri leiðir og skipta út gömlum boltum í Sauratindum. Hin svæðin geta einnig stækkað og hægt að fjölga leiðum í Valbjófsdal og Ögurnesi
 - Muna að halda góðu sambandi við landeigendur
- Félagið hefur verið að safna pening. Vissum að við myndum einhverntímann þurfa að borga leigu til skátanna fyrir rekstur á húsnæðinu. Munum borga leigu afturvirkkt fyrir síðasta starfsár.

Fundi slitið